

Ed.

76. Frumvarp til laga

[57. mál]

um breyting á lögum um bráðabirgðabreyting nokkurra laga o. fl., nr. 50 5. apríl 1948.

Flm.: Steingrímur Aðalsteinsson.

1. gr.

1. töluliður 1. gr. laganna fellur niður.

2. gr.

5. töluliður sömu lagagr. fellur niður.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Árið 1946 voru, fyrir forgöngu þáverandi ríkisstjórnar, sett lög um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kaupsíðum. Eitt helzta og þýðingarmesta nýmæli þeirra laga fólst í þriðja kafla laganna, sem fjallaði um aðstoð ríkisins við íbúðabyggingar sveitarfélaga, og þar sem svo er fyrir mælt, að stefni skuli að því að útrýma öllum heilsuspillandi íbúðum á næstu fjórum árum. Með þennan ágæta ásetning fyrir augum tók ríkisvaldið á sig þá skyldu að útvega sveitarfélögum, sem reisa þurftu íbúðir í þessu skyni, mjög hagkvæm lán til íbúðabygginganna, er samtals skyldu nema 85% byggingarkostnaðarins.

Það kom brátt í ljós, sem vænta mátti, að mörg bæjarfélög vildu nota sér þessa væntanlegu aðstoð ríkisins til þess að byggja íbúðir, í stað hinna fjölmörgu heilsuspillandi íbúða, sem voru — og því miður eru enn — í flestum eða öllum kaupstöðum landsins. Þegar til framkvæmda skyldi koma, varð hins vegar miklu minna en skyldi úr lánsútvegum ríkisstjórnarinnar til íbúðabygginganna, og á þingi ársins 1947 beitti núverandi ríkisstjórn sér fyrir því, að sett voru ný lög um það, að ákvæði fyrrnefnds þriðja kafla laga frá árinu áður skyldu ekki koma til framkvæmda, nema veitt væri til þess sérstök heimild í fjárlögum hverju sinni.

Sósíalistaflokkurinn beitti sér þá eftir fremsta megni gegn þessari uppgjöf fyrri ákvörðunar ríkisvaldsins um þann sjálfsagða hlut að útrýma heilsuspillandi íbúðum. Og nú, þegar útbýtt hefur verið fjárlagafrumvarpi fyrir árið 1949, án þess að þar sé veitt nokkur heimild til framkvæmda í þessu efni, vill Sósiálistaflokkurinn enn gera tilraun til þess að fá þetta leiðrétt. Er því frumv. þetta flutt, en 1. gr. þess felur í sér, að aftur skuli koma í fullt gildi þriðji kafli laganna frá 1946, um aðstoð ríkisins við íbúðabyggingar sveitarfélaga, til útrýmingar heilsuspillandi íbúðum.

Í 2. grein frumvarpsins er lagt til, að einnig verði felldur niður 5. töluliður laganna um bráðabirgðabreyting nokkurra laga, en með honum var — í annað sínu á sama þinginu, með tæplega þriggja vikna millibili — stórhækkaðir tollar af innlendum tollvörutegundum, þ. á m. af vörum, sem ekki geta talizt neinn óþarfi og mikið eru notaðar til neyzlu, þegar hægt er að fá þær. Verður ekki betur séð en að tollar þessir hafi verið orðnir ærið háir fyrir og því ástæða til að fella úr gildi þessa síðustu hækkun.